

**Sp.**

**309. Breytingartillögur**

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955 og brtt. á þskj. 269 og 303.

I. Frá *Bjarna Benediktssyni*.

Við 14. gr. B. XXXII. (Hermann Pálsson).

Orðin „síðari greiðsla“ falli niður.

II. Frá *Jóhanni Hafstein, Gísla Guðmundssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Kjartani J. Jóhannssyni og Ásgeiri Bjarnasyni*.

Við brtt. 269,34. a. (Við 15. gr. A. XXXVI. — Listsýning í Róm).

Aftan við liðinn bætist:

enda annist 2 fulltrúar Félags íslenskra myndlistamanna, 2 fulltrúar Nýja myndlistafélagsins og 1 fulltrúi félagsins Óháðir listamenn myndaval og aðrar framkvæmdir.

III. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldri Guðmundssyni*.

Við brtt. 303,1. (Við 19. gr. 1. — Uppbót á grunnlaun og lífeyri).

Fyrir „6 000 000“ kemur .....

7 500 000

IV. Frá *Jóni Pálmasyni, Sigurði Bjarnasyni og Jóni Sigurðssyni*.

Við 22. gr. XX. Nýr liður:

Að greiða allt að 1 millj. kr. til að standast kostnað við þær ráðstafanir, sem gera verður til bjargar í sveitunum vegna verka-fólkseklunnar.

V. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldri Guðmundssyni*.

Við brtt. 303,2. (Við 23. gr. — Uppbót á grunnlaun og lífeyri).

1. Við a.

Fyrir „20%“ kemur: 25%.

2. Við c.

Fyrir „20%“ kemur: 25%.